

10. júní 2016

Fjármál hins opinbera á 1. ársfjórðungi 2016

Quarterly government accounts, 1st quarter 2016

Samantekt

Tekjuafkoma hins opinbera reyndist jákvæð um 369,7 milljarða króna á fyrsta ársfjórðungi 2016, en á sama tíma árið 2015 var hún var neikvæð um 10,2 milljarða króna. Þessi góða afkoma skýrist af stöðugleikaframlagi frá slitabúum fallinna fjármálafyrirtækja. Tekjuafgangurinn nam 67,6% af landsframleiðslu ársfjórðungsins eða 60,3% af tekjum hins opinbera. Án stöðugleikaframlagsins hefði tekjuafkoman verið neikvæð um 14,6 milljarða króna eða 2,7% af landsframleiðslu.

Heildartekjur hins opinbera án stöðugleikaframlagsins jukust um 3,0% milli fyrsta ársfjórðungs 2015 og 2016. Sú tekjuaukning skýrist aðallega af auknum skatttekjum og tryggingargjaldi. Heildarútgjöld hins opinbera jukust um 4,8% á sama tímabili. Sú útgjaldaaukning skýrist aðallega af hærri launakostnaði. Magnbreyting samneyslu hins opinbera á 1. ársfjórðungi 2016 var 0,1% en á fyrsta ársfjórðungi 2015 var magnreytingin 1,7%.

Heildarskuldir ríkissjóðs námu 1.892 milljörðum króna í lok 1. ársfjórðungs 2016 sem samsvarar 80,8% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Hrein peningaleg eign ríkissjóðs, þ.e. peningalegar eignir umfram skuldir, var neikvæð um 544 milljarða króna í lok ársfjórðungsins, en það samsvarar 23,3% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Hrein peningaleg eign ríkissjóðs jókst um 324,9 milljarða króna milli 1. ársfjórðungs 2015 og 2016.

Hið opinbera

*Heildartekjur hins opinbera
25,7% af landsframleiðslu*

Heildartekjur hins opinbera, þ.e. ríkissjóðs, almannatrygginga og sveitarfélaga, eru áætlaðar 613,1 milljarður króna á 1. ársfjórðungi 2016 og hafa aukist um 391 milljarð króna frá 1. ársfjórðungi 2015. Tekjur ríkisins af stöðugleikaframlagi upp á 384,3 milljarða króna eru meðtaldar á 1. ársfjórðungi 2016. Um er að ræða framlög slitabúa fallinna fjármálafyrirtækja til ríkisins. Framlagið byggir á samkomulagi við kröfuhafa hinna föllnu fjármálafyrirtækja og kemur í stað greiðslu stöðugleikaskatts. Framlagið samanstendur m.a. af reiðufé, innlendum eignum og kröfum og afkomuskiptasamningi. Tekjur vegna stöðugleikaframlagsins er skilgreint sem fjárframlag og fært undir liðinn aðrar tekjur. Skatttekjur og tryggingagjöld skila hinu opinbera 203,1 milljarði króna á fyrsta ársfjórðungi 2016 en 188,6 milljörðum króna á sama ársfjórðungi 2015.




Útgjöld jukust um 4,8%

Á 1. ársfjórðungi 2016 benda áætlanir til þess að heildarútgjöld hins opinbera hafi verið 243,4 milljarðar króna en þau voru 232,3 milljarðar króna á fyrsta ársfjórðungi 2015. Aukningin milli ára nemur 4,8% sem skýrist aðallega af auknum launakostnaði. Á fyrsta ársfjórðungi er búið að gjaldfæra um 15,2 milljarða króna vegna niðurfærslu verðtryggðra fasteignaveðlana. Um 56,6% af heildarútgjöldum hins opinbera eru laun og kaup á vöru og þjónustu. Magnbreyting samneyslu hins opinbera er áætluð 0,1% á fyrsta ársfjórðungi 2016.

Mynd 1. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af VLF ársfjórðungs

Figure 1. General government financial balance as percent of quarterly GDP



Skýringar Notes: Ríkisábyrgð fyrir 13 ma.kr. er meðtalin á 4. ársfj. 2012. Tekjur af stöðugleikaframlagi upp á 384,3 ma.kr. eru meðtaldar á 1. ársfj. 2016. Guarantees are included in 4th quarter 2012 for 13 billion ISK. Revenue due to stability contribution for 384.3 billion ISK are included in 1st quarter 2016.

Tekjuafkoma hins opinbera var jákvæð um 369,7 milljarða sem skýrist af stöðugleikaframlaginu

Tekjuafkoma hins opinbera reyndist jákvæð um 369,7 milljarða króna á 1. ársfjórðungi 2016. Tekjuafgangurinn nam 67,6% af landsframleiðslu ársfjórðungsins en tekjuhallinn var 2,0% af landsframleiðslu á sama tíma 2015.

Tafla 1. Fjárhagur hins opinbera á 1. ársfjórðungi 2015 og 2016

Table 1. General government finances in 1st quarter 2015 and 2016

Fjárhæðir í milljörðum króna	2015	2016	Breyting, %	Bráðab.	Breyting, %	
Figures in billion ISK	1. ársfj.	1. ársfj.	Change, %	Prelim.	Change, %	
	1st quart.	1st quart.		2014	2015	
1. Heildartekjur ¹ Revenue ¹	222,1	613,1	176,1	907,0	931,1	2,7
2. Heildarútgjöld Expenditure	232,3	243,4	4,8	908,2	941,9	3,7
2.1 Fjárfesting Investment	11,9	11,9	0,0	61,7	64,1	3,8
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) ²						
Financial bal. (3 = 1 - 2) ²	-10,2	369,7	•	-1,2	-10,7	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum						
Fin. bal. % of revenue	-4,6	60,3	•	-0,1	-1,2	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF ²						
Financial bal. % of GDP ²	-2,0	67,6	•	-0,1	-0,5	•

¹ Tekjur af stöðugleikaframlagi upp á 384,3 ma.kr. eru meðtaldar í 1. ársfj. 2016. Revenue due to stability contribution for 384.3 billion ISK are included in 1st quarter 2016.

² Án stöðugleikaframlagsins hefði tekjujöfnuðurinn verið neikvæður um 14,6 ma.kr. eða 2,7% af VLF á 1. ársfj. 2016. When excluding the stability contribution the deficit is estimated to be 14.6 billion ISK or 2.7% of quarterly GDP in 1st quarter 2016.

Ríkissjóður

Tekjuafkoma ríkissjóðs var jákvæð um 396,6 milljarða

Bráðabirgðatölur benda til þess að heildartekjur ríkissjóðs á rekstrargrunni hafi verið 550,3 milljarðar króna á 1. ársfjórðungi 2016 og heildarútgjöld 180,7 milljarðar króna. Tekjujöfnuður ríkissjóðs er því jákvæður um 369,6 milljarða króna á fyrsta ársfjórðungi, eða sem nemur 67,6% af landsframleiðslu ársfjórðungsins. Án stöðugleikaframlagsins var tekjujöfnuðurinn neikvæður um 14,7 milljarða króna eða 2,7% af landsframleiðslu ársfjórðungsins.

Tekjur ríkissjóðs hafa aukist um 385,1 milljarð króna frá sama ársfjórðungi í fyrra og útgjöldin um 8,6 milljarða króna eða 5,0%. Aukningin í tekjum ríkissjóðs skýrist af stöðugleikaframlaginu. Skattar og tryggingagjöld skiluðu ríkissjóði um 149,4 milljarða króna sem er 6,4% aukning frá sama ársfjórðungi 2015.

Tafla 2. Fjárhagur ríkissjóðs á 1. ársfjórðungi 2015 og 2016

Table 2. Central government finances in 1st quarter 2015 and 2016

Fjárhæðir í milljörðum króna <i>Figures in billion ISK</i>	2015		2016		Bráðab.	
	1. ársfj. <i>1st quart.</i>	1. ársfj. <i>1st quart.</i>	Breyting, % <i>Change, %</i>	2014	2015	Breyting, % <i>Change, %</i>
1. Heildartekjur ¹ <i>Revenue¹</i>	165,2	550,3	233,2	686,1	693,7	1,1
2. Heildarútgjöld <i>Expenditure</i>	172,1	180,7	5,0	669,8	693,3	3,5
2.1 Fjárfesting <i>Investment</i>	6,7	7,0	3,4	36,7	40,8	11,1
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) ² <i>Financial bal. (3 = 1 - 2)²</i>	-6,9	369,6	•	16,3	0,4	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum <i>Fin. bal. % of revenue</i>	-4,2	67,2	•	2,4	0,1	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF ² <i>Financial bal. % of GDP²</i>	-1,3	67,6	•	0,8	0,0	•

¹ Tekjur af stöðugleikaframlagi upp á 384,3 ma.kr. eru meðtaldar í 1. ársfj. 2016. *Revenue due to stability contribution for 384.3 billion ISK are included in 1st quarter 2016.*

² Án stöðugleikaframlagsins hefði tekjujöfnuðurinn verið neikvæður um 14,7 ma.kr. eða 2,7% af VLF á 1. ársfj. 2016. *When excluding the stability contribution the deficit is estimated to be 14.7 billion ISK or 2.7% of quarterly GDP in 1st quarter 2016.*


Á gjaldahlið ríkissjóðs eru umfangsmestu útgjaldaliðirnir fjárframlög til almanna-trygginga, launakostnaður og kaup á vöru og þjónustu. Niðurfærsla verðtryggðra fasteignaveðlana á fyrsta ársfjórðungi 2016 var mjög svipuð og á sama ársfjórðungi 2015 eða um 15 milljarðar króna. Sá útgjaldaliður sem jókst mest milli ársfjórðunga var launakostnaður eða 12,7%. Magnbreyting samneyslu ríkissjóðs mældist 0,1% á fyrsta ársfjórðungi en á sama tíma 2015 var hún 1,3%. Breyting launaliðarins vegur hér þyngst en mælingar sýna samdrátt bæði í heildartímum og stöðugildum hjá ríkinu.

Hrein peningaleg eign ríkissjóðs hefur aukist um 325 milljarða

Peningalegar eignir ríkissjóðs námu 1.347 milljörðum króna í lok 1. ársfjórðungs 2016, eða sem nemur 57,6% af áætlaðri landsframleiðslu ársins, og hafa þær aukist um 207 milljarða króna frá sama ársfjórðungi 2015 eða 18,2%. Á sama tíma hafa skuldir ríkissjóðs dregist saman um 5,8%, en þær námu 1.892 milljörðum króna í lok 1. ársfjórðungs 2016. Sem hlutfall af áætlaðri landsframleiðslu ársins námu skuldirnar 80,8% á fyrsta ársfjórðungi 2016 en voru 91,1% á fyrsta ársfjórðungi 2015. Peningalegar eignir umfram skuldir eru því neikvæðar um 544 milljarða króna í lok 1. ársfjórðungs 2016 sem nemur 23,3% af áætlaðri landsframleiðslu ársins samanborið við 39,4% á fyrsta ársfjórðungi 2015. Fara þarf aftur til fyrsta ársfjórðungs 2009 til að fá lægra hlutfall.

Mynd 2. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af VLF

Figure 2. Central government financial assets and liabilities as percent of GDP



Sveitarfélög

Tekjuafkoma sveitarfélaga var jákvæð um 0,4 milljarða

Heildartekjur sveitarfélaganna á 1. ársfjórðungi 2016 eru áætlaðar 72,0 milljarðar króna og heildarútgjöld 71,6 milljarðar króna. Tekjuafgangur þess ársfjórðungs er því áætlaður um 0,4 milljarðar króna. Á sama tíma 2015 var tekjuafkoman neikvæð um 2,7 milljarða króna. Tekjur sveitarfélaga hafa aukist um 10,2% frá sama tíma í fyrra en útgjöldin um 5,3%.

Um þrjú fimmtu hlutar tekna sveitarfélaga eru útsvarstekjur

Útsvarstekjur skiluðu sveitarfélögunum 43,5 milljörðum króna á fyrsta ársfjórðungi 2016, eða um 60,4% tekna þeirra. Launagreiðslur eru umfangsmesti útgjaldaliður sveitarfélaganna, 46,0% af heildarútgjöldum. Áætlanir benda til þess að launakostnaður hafi aukist um 9,1% milli ársfjórðunga. Fjárfesting dróst hins vegar saman um 4,4%. Magnbreyting samneyslu sveitarfélaga mældist -0,8% á fyrsta ársfjórðungi en var 1,3% á sama ársfjórðungi 2015.

Tafla 3. Fjárhagur sveitarfélaga á 1. ársfjórðungi 2015 og 2016

Table 3. Local government finances in 1st quarter 2015 and 2016

Fjárhæðir í milljörðum króna Figures in billion ISK	2015		2016		Bráðab.	
	1. ársfj. 1st quart.	1. ársfj. 1st quart.	Breyting, % Change, %	2014	2015 Prelim.	Breyting, % Change, %
1. Heildartekjur Revenue	65,4	72,0	10,2	254,9	273,6	7,3
2. Heildarútgjöld Expenditure	68,1	71,6	5,3	271,0	286,6	5,7
2.1 Fjárfesting Investment	5,1	4,9	-4,4	25,0	23,2	-7,0
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) Financial bal. (3 = 1 - 2)	-2,7	0,4	•	-16,1	-12,9	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum Fin. bal. % of revenue	-4,1	0,5	•	-6,3	-4,7	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF Financial bal. % of GDP	-0,5	0,1	•	-0,8	-0,6	•

Gagna- og aðferðalýsing

Fjármál hins opinbera og undirgeira þess eru sett fram á rekstrargrunni

Áætlanir um tekjur og gjöld ríkissjóðs byggjast á gögnum frá Fjársýslu ríkisins. Reynt er að meta tekjur og gjöld á rekstrargrunni í samræmi við uppgjör þjóðhagsreikninga, ekki á greiðslugrunni eins og mánaðarhefti ríkissjóðs sýna. Auk mánaðarhefta eru fjárlög notuð við matið. Rekstrargrunnur felur í sér að skuldbindingar eru færðar til tekna eða gjalda þegar til þeirra er stofnað óháð því hvenær greiðslur fara fram. Við mat á fjármálum sveitarfélaganna eru notuð gögn sem safnað er í gegnum upplýsingaveitu sveitarfélaganna. Veitan er samstarfsverkefni Hagstofunnar, innanríkisráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hún er vistuð hjá Hagstofu sem jafnframt sér um söfnun gagna frá sveitarfélögunum. Gögnin eru á rekstargrunni en einnig er stuðst við fjárhagsáætlanir sem sveitarfélögin skila inn í veituna. Mat á fjárfestingu sveitarfélaganna er byggt á fjárhagsáætlunum þeirra fyrir árið í heild.

Hagstofan leggur hér megináherslu á tekjuafkomuna við mat á afkomu hins opinbera. En annar mælikvarði er einnig notaður, en það er rekstrarafkoma. Munurinn á rekstrarjöfnuði og tekjujöfnuði er sá að rekstrarjöfnuður sýnir niðurstöðu rekstrarreiknings eftir að afskriftir hafa verið gjaldfærðar en tekjujöfnuður sýnir niðurstöðuna eftir að fjárfesting hefur verið dregin frá rekstrarjöfnuði, en þá eru afskriftir ekki gjaldfærðar. Munurinn á þessum tveimur mælikvörðum er því fólgin í muninum á afskriftum og fjárfestingu. Ef fjárfestingin er hærri en afskriftir verður tekjujöfnuðurinn lakari en rekstrarjöfnuðurinn eða sem nemur þeim mun.

English summary

In the 1st quarter of 2016, the financial balance of the general government amounted to 369.7 billion ISK surplus or 67.6% of quarterly GDP and 60.3% of general government total revenue. Included in 1st quarter 2016 is extraordinary revenue of 384.3 billion ISK due to stability contribution.

The stability contribution is based on an agreement with the creditors of the failed banks and have been made instead of 'stability tax' payments. The contribution is a combination of cash, domestic assets and claims as well as profit deal agreement. Income from stability contribution is defined as capital transfers and listed under the section 'other income'.

When excluding the stability contribution the deficit is estimated to be 14.6 billion ISK or 2.7% of quarterly GDP. This can be compared with 10.2 billion ISK in deficit in the 1st quarter of 2015 or 2.0% of GDP in that quarter.

Excluding the stability condition revenue the general government total revenue increased by 3.0% in the 1st quarter of 2016 compared to same period 2015. Tax revenue increased by 7.6% but other revenue decreased. This decrease can mainly be explained by decreased dividends from Landsbankinn Bank to it's main owner, the central government. The total expenditure increased at the same time by 4.8%, or from 232.3 billion ISK in 2015 to 243.4 billion ISK in 2016, mainly due to increase in wages and salaries.

The central government total liabilities at the end of the 1st quarter 2016 amounted to 1,892 billion ISK or 80.8% of the GDP. The net financial assets was negative by 544 billion ISK or 23.3% of the GDP, compared to 39,4% in the same period 2015. Consequently, the central government net financial asset position has increased by 324.9 billion ISK between the 1st quarters 2015 and 2016.

The revenue and expenditure figures for the general government and its sub-sectors are presented on an accrual basis and in line with national accounts principles whereas the monthly figures on central government published by the Government Financial Authority are on cash basis. Accrual basis means that flows are recorded when they are established regardless of when the actual payments are made. The data presented here, both for the central and local governments, are preliminary.

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2013–2016*Table 4. Quarterly Government Finances 2013–2016*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	Heildar- tekjur <i>Total revenue</i>	Heildar- útgjöld <i>Total expenditure</i>	— þar af fjárfesting — <i>thereof investment</i>	Tekju- jöfnuður <i>Financial balance</i>	Tekjujöfnuður hlutfall af heildartekjum <i>Financial balance % of total revenue</i>	Tekjujöfnuður hlutfall af VLF <i>Financial balance % of GDP</i>
	(1)	(2)	(2.1)	(3=1-2)		
Hið opinbera <i>The General Government</i>						
2013	795,7	830,5	54,9	-34,8	-4,4	-1,8
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	189,3	195,8	10,1	-6,5	-3,4	-0,3
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	194,6	206,3	13,3	-11,7	-6,0	-0,6
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	208,1	209,4	15,5	-1,3	-0,6	-0,1
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	203,7	219,0	16,0	-15,3	-7,5	-0,8
2014	907,0	908,2	61,7	-1,2	-0,1	-0,1
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	219,7	207,3	11,1	12,4	5,6	0,6
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	214,5	217,6	14,6	-3,1	-1,5	-0,2
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	217,2	222,6	17,5	-5,5	-2,5	-0,3
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	255,6	260,6	18,6	-5,0	-1,9	-0,2
2015	931,1	941,9	64,1	-10,7	-1,2	-0,5
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	222,1	232,3	11,9	-10,2	-4,6	-0,5
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	218,1	227,6	14,9	-9,5	-4,4	-0,4
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	228,0	233,9	17,5	-6,0	-2,6	-0,3
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	263,0	248,0	19,8	15,0	5,7	0,7
2016
1. ársfjórðungur ¹ <i>1st quarter¹</i>	613,1	243,4	11,9	369,7	60,3	15,5
Ríkissjóður <i>The Central Government</i>						
2013	584,5	618,0	32,4	-33,5	-5,7	-1,8
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	140,4	143,1	4,6	-2,7	-1,9	-0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	142,4	152,2	8,1	-9,8	-6,9	-0,5
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	153,4	157,1	8,9	-3,7	-2,4	-0,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	148,3	165,6	10,9	-17,3	-11,7	-0,9
2014	686,1	669,8	36,7	16,3	2,4	0,8
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	166,4	149,7	5,6	16,7	10,1	0,8
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	158,5	156,7	8,5	1,8	1,1	0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	162,6	163,1	10,1	-0,5	-0,3	0,0
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	198,7	200,4	12,6	-1,7	-0,9	-0,1
2015	693,7	693,3	40,8	0,4	0,1	0,0
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	165,2	172,1	6,7	-6,9	-4,2	-0,3
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	159,8	164,2	9,2	-4,5	-2,8	-0,2
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	168,1	172,2	10,7	-4,1	-2,4	-0,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	200,7	184,9	14,1	15,8	7,9	0,7
2016						
1. ársfjórðungur ¹ <i>1st quarter¹</i>	550,3	180,7	7,0	369,6	67,2	15,5

¹ Tekjur af stöðugleikaframlagi upp á 384,3 ma.kr. eru meðtaldar. *Revenue due to stability contribution for 384.3 billion ISK are included.*

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2013–2016 (frh.)
 Table 4. Quarterly Government Finances 2013–2016 (cont.)

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	Heildar- tekjur <i>Total revenue (1)</i>	Heildar- útgjöld <i>Total expenditure (2)</i>	— þar af fjárfesting — thereof <i>investment (2.1)</i>	Tekju- jöfnuður <i>Financial balance (3=1-2)</i>	Tekjujöfnuður hlutfall af heildartekjum <i>Financial balance % of total revenue</i>	Tekjujöfnuður hlutfall af VLF <i>Financial balance % of GDP</i>
Sveitarfélög The Local Governments						
2013	243,6	250,9	22,5	-7,3	-3,0	-0,4
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	58,9	61,8	5,5	-2,9	-4,9	-0,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	60,6	63,5	5,2	-2,8	-4,7	-0,2
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	61,0	62,4	6,6	-1,4	-2,3	-0,1
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	63,1	63,3	5,1	-0,2	-0,3	0,0
2014	254,9	271,0	25,0	-16,1	-6,3	-0,8
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	60,7	63,8	5,5	-3,2	-5,2	-0,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	64,0	68,5	6,1	-4,5	-7,0	-0,2
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	64,0	68,5	7,4	-4,5	-7,1	-0,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	66,2	70,2	6,0	-3,9	-6,0	-0,2
2015	273,6	286,6	23,2	-12,9	-4,7	-0,6
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	65,4	68,1	5,1	-2,7	-4,1	-0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	67,2	72,1	5,7	-4,9	-7,4	-0,2
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	69,2	71,9	6,8	-2,7	-3,9	-0,1
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	71,9	74,4	5,6	-2,6	-3,6	-0,1
2016
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	72,0	71,6	4,9	0,4	0,5	0,0
Almannatryggingar The Social Security Funds						
2013	166,8	160,8	0,0	6,0	3,6	0,3
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	37,8	38,8	0,0	-0,9	-2,4	0,0
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	40,0	39,1	0,0	1,0	2,4	0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	44,3	40,5	0,0	3,8	8,5	0,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	44,7	42,5	0,0	2,2	4,9	0,1
2014	168,6	170,0	0,0	-1,4	-0,8	-0,1
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	41,0	42,2	0,0	-1,2	-2,9	-0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	41,2	41,7	0,0	-0,5	-1,1	0,0
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	41,5	42,0	0,0	-0,5	-1,1	0,0
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	44,8	44,1	0,0	0,7	1,6	0,0
2015	178,8	176,9	0,0	1,8	1,0	0,1
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	43,4	44,0	0,0	-0,6	-1,3	0,0
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	43,7	43,9	0,0	-0,1	-0,3	0,0
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	44,0	43,2	0,0	0,8	1,9	0,0
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	47,5	45,8	0,0	1,7	3,6	0,1
2016
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	46,7	47,0	0,0	-0,3	-0,7	0,0

Tafla 5. Tekjur og gjöld hins opinbera eftir ársfjórðungum 2014–2016

Table 5. Quarterly Government Revenue and Expenditure 2014–2016

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2014		2015				2016
	Alls	Alls	Ársfjórðungar (Á)		Quarters (Q)		Á Q
	Total	Total	I	II	III	IV	I
1 Heildartekjur Total revenue	907,0	931,1	222,1	218,1	228,0	263,0	613,1
11 Skatttekjur Taxes	700,8	733,8	169,9	170,6	179,8	213,5	182,7
111 Skattar á tekjur Taxes on revenue	360,5	383,0	91,2	93,8	94,7	103,3	100,2
112 Skattar á laun Taxes on payroll	7,0	7,6	1,9	1,9	1,9	1,9	1,9
113 Eignarskattar Property taxes	49,6	43,5	11,0	10,8	10,7	10,9	11,0
114 Skattar á vöru og þjónustu Taxes on goods and services	233,9	253,3	62,3	60,4	69,0	61,7	67,9
115 Skattar á alþjóðaviðskipti Taxes on international trade	6,1	5,7	1,1	1,4	1,5	1,6	1,3
116 Aðrir skattar Other taxes	43,8	40,6	2,3	2,2	2,0	34,1	0,4
12 Tryggingagjöld Social contributions	73,4	78,9	18,7	19,0	20,3	20,9	20,4
13 Fjárframlög Grants	2,5	2,9	0,7	0,7	0,8	0,8	0,4
14 Aðrar tekjur ¹ Other revenue ¹	130,2	115,5	32,8	27,8	27,1	27,8	409,6
2 Heildarútgjöld Total expenditure	908,2	941,9	232,3	227,6	233,9	248,0	243,4
21 Laun Wages	275,7	304,9	70,0	75,2	76,6	83,1	77,6
22 Kaup á vöru og þjónustu Use of goods and services	230,4	239,0	58,1	59,9	57,4	63,6	60,2
23 Afskriftir Consumption of fixed capital	39,6	40,5	10,1	10,1	10,2	10,1	10,5
24 Vaxtagjöld Interest	94,4	97,3	25,2	23,9	27,3	20,9	23,9
25 Framleiðslustyrkir Subsidies	29,5	29,4	7,3	7,3	7,1	7,7	7,5
26 Fjárframlög Grants	5,2	3,7	0,7	1,0	0,8	1,2	0,6
27 Félaglegar tilfærslur til heimila Social benefits	139,4	141,8	34,9	34,4	35,6	36,8	36,9
28 Önnur útgjöld Other expenditure	71,9	61,6	24,3	10,9	11,5	14,9	24,8
31 Fjárfesting Net acquisition of nonfinancial assets	61,7	64,1	11,9	14,9	17,5	19,8	11,9
23 Afskriftir Consumption of fixed capital	-39,6	-40,5	-10,1	-10,1	-10,2	-10,1	-10,5
Tekjujöfnuður (1-2) Net lending / borrowing (NLB)	-1,2	-10,7	-10,2	-9,5	-6,0	15,0	369,7
Tekjujöfnuður % af tekjum NLB % of total revenue	-0,1	-1,2	-4,6	-4,4	-2,6	5,7	60,3
Tekjujöfnuður % af VLF NLB % of GDP	-0,1	-0,5	-0,5	-0,4	-0,3	0,7	15,5
Heildartekjur % af VLF Total revenue % of GDP	45,3	42,2	10,1	9,9	10,3	11,9	25,7
Heildarútgjöld % af VLF Total expenditure % of GDP	45,3	42,7	10,5	10,3	10,6	11,2	10,2

¹ Tekjur af stöðugleikaframlagi upp á 384,3 ma.kr. eru meðtaldar í 1. ársfj. 2016. Revenue due to stability contribution for 384.3 billion ISK are included in 1st quarter 2016.

Tafla 6. Tekjur og gjöld ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2014–2016
Table 6. Quarterly Central Government Revenue and Expenditure 2014–2016

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2014		2015				2016
	Alls	Alls	Ársfjórðungar (Á)		Quarters (Q)		Á
	<i>Total</i>	<i>Total</i>	I	II	III	IV	I
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	686,1	693,7	165,2	159,8	168,1	200,7	550,3
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	511,0	529,5	121,7	120,8	127,3	159,6	129,1
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	204,3	214,9	52,1	53,3	51,3	58,2	56,7
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	7,0	7,6	1,9	1,9	1,9	1,9	1,9
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	17,5	9,4	2,5	2,3	2,2	2,4	2,1
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	232,4	251,2	61,8	59,7	68,3	61,4	66,7
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	6,1	5,7	1,1	1,4	1,5	1,6	1,3
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	43,8	40,6	2,3	2,2	2,0	34,1	0,4
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	73,4	78,9	18,7	19,0	20,3	20,9	20,4
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	10,4	10,8	2,5	2,6	2,8	2,9	2,3
14 Aðrar tekjur ¹ <i>Other revenue¹</i>	91,3	74,5	22,2	17,3	17,7	17,3	398,5
2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	669,8	693,3	172,1	164,2	172,2	184,9	180,7
21 Laun <i>Wages</i>	135,1	150,4	34,7	36,2	37,8	41,7	39,1
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	104,6	106,8	24,4	26,1	26,5	29,9	25,3
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	28,9	29,5	7,4	7,3	7,4	7,4	7,7
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	86,9	89,2	23,2	21,9	25,3	18,9	21,6
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	25,1	25,0	6,2	6,2	6,0	6,6	6,4
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	199,9	210,8	50,7	51,6	52,2	56,2	54,6
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	18,8	18,1	4,2	4,4	4,6	4,9	4,2
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	62,7	52,2	21,9	8,5	9,2	12,6	22,4
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	36,7	40,8	6,7	9,2	10,7	14,1	7,0
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-28,9	-29,5	-7,4	-7,3	-7,4	-7,4	-7,7
Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i>	16,3	0,4	-6,9	-4,5	-4,1	15,8	369,6
Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i>	2,4	0,1	-4,2	-2,8	-2,4	7,9	67,2
Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i>	0,8	0,0	-0,3	-0,2	-0,2	0,7	15,5
Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i>	34,2	31,5	7,5	7,2	7,6	9,1	23,1
Heildarútgjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i>	33,4	31,4	7,8	7,4	7,8	8,4	7,6

¹ Tekjur af stöðugleikaframlagi upp á 384,3 ma.kr. eru meðtaldar í 1. ársfj. 2016. *Revenue due to stability contribution for 384.3 billion ISK are included in 1st quarter 2016.*

Tafla 7. Tekjur og gjöld sveitarfélaga eftir ársfjórðungum 2014–2016*Table 7. Quarterly Local Government Revenue and Expenditure 2014–2016*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2014		2015				2016
	Alls	Alls	Ársfjórðungar (Á)		Quarters (Q)		Á
	<i>Total</i>	<i>Total</i>	I	II	III	IV	I
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	254,9	273,6	65,4	67,2	69,2	71,9	72,0
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	189,8	204,3	48,2	49,7	52,5	53,9	53,7
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	156,2	168,0	39,1	40,5	43,3	45,0	43,5
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	32,2	34,1	8,5	8,5	8,5	8,5	8,9
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	1,4	2,1	0,5	0,6	0,6	0,3	1,3
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	28,6	30,8	7,2	7,5	7,9	8,1	7,9
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	36,4	38,5	9,9	9,9	8,8	9,9	10,4
2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	271,0	286,6	68,1	72,1	71,9	74,4	71,6
21 Laun <i>Wages</i>	120,4	132,8	30,2	33,5	33,4	35,7	32,9
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	90,0	93,9	23,6	23,8	22,6	24,0	24,3
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	10,7	10,9	2,7	2,7	2,8	2,7	2,8
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	7,5	8,0	2,0	2,0	2,0	2,0	2,3
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	4,2	4,3	1,1	1,1	1,1	1,1	1,1
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	1,4	1,4	0,4	0,4	0,4	0,4	0,4
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	13,7	14,0	3,5	3,5	3,5	3,5	3,5
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	8,9	9,0	2,3	2,3	2,3	2,3	2,3
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	25,0	23,2	5,1	5,7	6,8	5,6	4,9
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-10,7	-10,9	-2,7	-2,7	-2,8	-2,7	-2,8
Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i>	-16,1	-12,9	-2,7	-4,9	-2,7	-2,6	0,4
Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i>	-6,3	-4,7	-4,1	-7,4	-3,9	-3,6	0,5
Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i>	-0,8	-0,6	-0,1	-0,2	-0,1	-0,1	0,0
Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i>	12,7	12,4	3,0	3,0	3,1	3,3	3,0
Heildarútgjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i>	13,5	13,0	3,1	3,3	3,3	3,4	3,0

Tafla 8. Tekjur og gjöld almannatrygginga eftir ársfjórðungum 2014–2016

Table 8. Quarterly Social Security Funds Revenue and Expenditure 2014–2016

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2014		2015				2016
	Alls	Alls	Ársfjórðungar (Á)		Quarters (Q)		Á
	<i>Total</i>	<i>Total</i>	I	II	III	IV	I
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	168,6	178,8	43,4	43,7	44,0	47,5	46,7
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	166,1	176,3	42,8	43,1	43,4	46,9	46,1
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	2,4	2,5	0,6	0,6	0,6	0,6	0,6
2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	170,0	176,9	44,0	43,9	43,2	45,8	47,0
21 Laun <i>Wages</i>	20,2	21,8	5,1	5,5	5,4	5,7	5,5
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	35,8	38,3	10,1	10,1	8,3	9,8	10,6
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	0,1	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	0,2	0,2	0,0	0,0	0,0	0,0	0,1
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	6,5	6,5	1,5	1,6	1,7	1,8	1,6
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	106,9	109,7	27,2	26,5	27,6	28,4	29,2
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	0,3	0,4	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i>	-1,4	1,8	-0,6	-0,1	0,8	1,7	-0,3
Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i>	-0,8	1,0	-1,3	-0,3	1,9	3,6	-0,7
Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i>	-0,1	0,1	0,0	0,0	0,0	0,1	0,0
Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i>	8,4	8,1	2,0	2,0	2,0	2,2	2,0
Heildarútgjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i>	8,5	8,0	2,0	2,0	2,0	2,1	2,0

Tafla 9. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2011–2016Table 9. *Central Government Financial Accounts on quarterly basis 2011–2016*

	2011		2012		2013		2014		2015		2016	
	Á Q		Á Q		Á Q		Á Q		Ársfj. Quarters		Á Q	
	IV	IV	IV	IV	IV	IV	I	IV	I	I		
Peningalegar eignir <i>Financial assets</i>	1.148.912	1.104.591	1.041.263	1.163.092	1.140.030	1.010.284	1.347.423					
Sjóður og bankareikningar <i>Currency and deposits</i>	533.728	484.410	403.873	512.649	491.034	397.711	379.790					
Lánveitingar <i>Loans</i>	146.994	160.679	163.497	168.130	159.677	123.870	127.004					
Hlutfé <i>Shares and other equity</i>	343.296	334.704	340.186	352.370	351.604	351.627	672.856					
Viðskiptakröfur <i>Other accounts receivables</i>	124.894	124.798	133.707	129.943	137.715	137.076	167.773					
Skuldir <i>Liabilities</i>	1.865.127	1.934.742	1.917.217	2.001.722	2.009.025	1.847.089	1.891.565					
Verðbréf <i>Securities</i>	732.512	792.842	823.332	853.759	872.592	863.852	878.948					
Lántökur <i>Loans</i>	735.971	710.115	638.098	642.151	638.710	475.381	429.849					
Innlend lán <i>Domestic loans</i>	288.220	276.843	249.551	227.964	226.681	172.341	139.999					
Erlend lán <i>Foreign loans</i>	447.751	433.272	388.547	414.187	412.029	303.040	289.850					
Lífeyrisskuldbindingar <i>Insurance technical reserves</i>	345.109	372.999	388.471	407.734	435.659	435.659	508.476					
Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i>	51.535	58.786	67.316	98.078	62.064	72.197	74.292					
Hrein peningaleg eign <i>Net financial assets</i>	-716.215	-830.151	-875.954	-838.630	-868.995	-836.805	-544.142					
Hlutfall af vergri landsframleiðslu												
% of Gross Domestic Product (GDP)												
Peningalegar eignir <i>Financial assets</i>	67,6	62,2	55,1	58,0	51,7	45,8	57,6					
Sjóður og bankareikningar <i>Currency and deposits</i>	31,4	27,3	21,4	25,6	22,3	18,0	16,2					
Lánveitingar <i>Loans</i>	8,6	9,0	8,7	8,4	7,2	5,6	5,4					
Hlutfé <i>Shares and other equity</i>	20,2	18,8	18,0	17,6	15,9	15,9	28,8					
Viðskiptakröfur <i>Other accounts receivables</i>	7,3	7,0	7,1	6,5	6,2	6,2	7,2					
Skuldir <i>Liabilities</i>	109,7	108,9	101,5	99,9	91,1	83,8	80,8					
Verðbréf <i>Securities</i>	43,1	44,6	43,6	42,6	39,6	39,2	37,6					
Lántökur <i>Loans</i>	43,3	40,0	33,8	32,0	29,0	21,6	18,4					
Innlend lán <i>Domestic loans</i>	16,9	15,6	13,2	11,4	10,3	7,8	6,0					
Erlend lán <i>Foreign loans</i>	26,3	24,4	20,6	20,7	18,7	13,7	12,4					
Lífeyrisskuldbindingar <i>Insurance technical reserves</i>	20,3	21,0	20,6	20,3	19,8	19,8	21,7					
Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i>	3,0	3,3	3,6	4,9	2,8	3,3	3,2					
Hrein peningaleg eign <i>Net financial assets</i>	-42,1	-46,7	-46,4	-41,9	-39,4	-37,9	-23,3					

Hagtíðindi **Fjármál hins opinbera**
Statistical Series **Public finance**

101. árg. • 13. tbl.

ISSN 1670-4770

10. júní 2016

Umsjón *Supervision* Hólmfríður S. Sigurðardóttir • holmfridur.sigurdardottir@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

www.hagstofa.is www.statice.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.